

Stofnfundargerð fyrir einkahlutafélagið Hitaveita Djúpavogshrepps ehf.

Þann 11. desember 2017 kl. 16:00 eru mætt til fundar í Geysi fyrir hönd Djúpavogshrepps Rán Freysdóttir, Þorbjörg Sandholt og Sóley Dögg Birgisdóttir. Andrés Skúlason og Kári Valtingoer eru í síma. Einnig Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri sem stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Stofnun einkahlutafélagsins Hitaveita Djúpavogshrepps ehf. Tilgangur félagsins er að vinna að jarðhitaleit í Djúpavogshreppi og undirbúa mögulega nýtingu á heitu vatni í sveitarfélaginu.

Stofnsamningur fyrir einkahlutafélagið Hitaveita Djúpavogshrepps ehf. undirritaður.

Stofnsamningur fyrir einkahlutafélagið Hitaveita Djúpavogshrepps ehf.

1. Stofnandi félagsins er Djúpavogshreppur, kt. 570992-2799, Bakka 1, 765 Djúpavogi.
 2. Hlutfé er alls kr. 500.000,- og er allt í eigu Djúpavogshrepps.
 3. Allt hlutfé hefur verið greitt í peningum.
 4. Tilgangur félagsins er að vinna að jarðhitaleit í Djúpavogshreppi og undirbúa mögulega nýtingu á heitu vatni í sveitarfélaginu.
 5. Félagið skal sjálft bera kostnað af stofnun þess og er hann áætlaður kr. 150.000.-
 6. Félagið hefur heimilisfang í Djúpavogshreppi.
2. Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga að samþykktum félagsins:

Samþykktir fyrir einkahlutafélagið Hitaveita Djúpavogshrepps ehf.

1. Félagið er einkahlutafélag og heitir Hitaveita Djúpavogshrepps ehf.
2. Tilgangur félagsins er að vinna að jarðhitaleit í Djúpavogshreppi og undirbúa mögulega nýtingu á heitu vatni í sveitarfélaginu.
3. Hlutfé skal vera alls kr. 500.000,- fimm hundruð þúsund og er hver hlutur að fjárhæð 1 kr. að nafnverði.
4. Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess. Hluthafafundur getur einn ákveðið lækkun hlutfjár.
5. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.
6. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.
7. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.
8. Aðalfund skal halda fyrir lok júní á hverju ári.
9. Aðalfundur og hluthafafundir skulu boðaðir bréfleiðis með sjö daga fyrirvara.
10. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
 1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
 2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
 3. Stjórn félagsins skal kjörin og löggiltur endurskoðandi.
 4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
 5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
 6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru borin upp.

11. Félagið skal halda fundargerðabók og skrá í hana það sem gerist á aðalfundum, hluthafafundum og stjórnarfundum.
12. Stjórnarmenn skulu vera fimm. Stjórn kýs stjórnarformann úr hópi stjórnarmanna. Skuldbindingar fyrir félagið verða aðeins stofnaðar með undirskriftum meirihluta stjórnar.
13. Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.
14. Sala á hlutum í félaginu getur einungis farið fram með samþykki allra fulltrúa í sveitarstjórn Djúpavogshrepps.
15. Samþykktum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða. Tillögur til breytinga á samþykktum skal kynna í fundarboði aðalfundar.
16. Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild.
17. Verði félaginu slitið, skal ráðstafa öllum eignum þess til sveitarfélagsins Djúpavogshrepps.

Tillagan samþykkt og undirrituð.

Stjórnarkjör:

Í stjórn voru kjörin: Andrés Skúlason, Rán Freysdóttir, Þorbjörg Sandholt, Kári Valtingojer og Sóley Dögg Birgisdóttir. Formaður var kosinn Andrés Skúlason og honum veitt prókúra fyrir félagið.

Kosning endurskoðanda:

Samþykkt að endurskoðandi félagsins verði KPMG og þóknun endurskoðanda samkvæmt gjaldskrá.

Verksamningur við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., kt. 410693-2169.

Drög að verksamningi lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30